

Byggðamálaráð

Fundargerð 23. fundar byggðamálaráðs Fundur haldinn á TEAMS 6. febrúar 2023 kl. 13.00

Dagskrá:

1. Opinber grunnþjónusta og jöfnun aðgengis.
2. Húsnæðismál og húsnæðisáætlanir sveitarfélaga.
3. Óstaðbundin störf.
4. Ferð byggðamálaráðs til Borgarfjarðar eystri 24. mars.

Mættir: Guðveig Lind Eyglóardóttir formaður, Arnar Már Elíasson, Eiríkur Vilhelm Sigurðarson, Hólmfríður Sveinsdóttir og Karl Björnsson. Þá tóku Elmar Erlendsson, Hanna Dóra Björnsdóttir og Sigríður K. Þorgrímsdóttir þátt í fyrstu tveimur dagskrárliðunum. Hólmfríður ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn.

Umfjöllun og afgreiðsla:

1. Opinber grunnþjónusta og jöfnun aðgengis

Sigríður Þorgrímsdóttir og Hanna Dóra Björnsdóttir sérfræðingar hjá Byggðastofnun kynntu aðgerð A.15 á byggðaaætlun *Opinber grunnþjónusta og jöfnun aðgengis*. Markmiðið með aðgerðinni er að aðgengi og þjónustustig opinberrar grunnþjónustu verði jafnað með bættum aðstæðum og tæknilausnum. Í viðtæku samráði er unnið því að skilgreina hvað felst í hugtakinu opinber grunnþjónusta og stefnt að því að drög að skilgreiningu verði lögð fram í samráðsgátt stjórnvalda í vor. Fóru þær Sigríður og Hanna yfir hvað hefur verið gert og hver staða aðgerðarinnar er í byrjun árs. Þær greindu jafnframt frá vinnu sem ráðuneytið fól Byggðastofnun að vinna og lítur að því að útbúa leiðavísi sem sveitarfélög geta nýtt sér við mótun stefnu um þjónustustig í byggðum og byggðalögum fjarri stærstu byggðarkjörnum viðkomandi sveitarfélags. Sú vinna er unnin með sveitarfélaginu Norðurþingi og áætlað að henni ljúki í vor. Aðgerðin tengist aðgerð A.16 *Kostnaðargreining vegna þjónustusóknar*.

2. Húsnæðismál og húsnæðisáætlanir sveitarfélaga

Elmar Erlendsson framkvæmdastjóri hjá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS) kynnti tvær aðgerðir byggðaaætlunar sem eru á forræði HMS, C.5 *Húsnæðismál* og C.6 *Húsnæðisáætlanir sveitarfélaga*. Eitt af hlutverkum HMS er að halda utan um og aðstoða sveitarfélögin við gerð húsnæðisáætlana sem ætlað er að draga fram mynd af því hver staða húsnæðismála er í hverju sveitarfélagi fyrir sig, greina framboð og eftirspurn eftir margvíslegum húsnæðisformum og setja fram áætlun um hvernig sveitarfélagið ætlar að mæta húsnæðisþörf heimila, bæði til skemmri og lengri tíma. Elmar kynnti húsnæðisáætlanakerfi sem HMS hefur unnið að undanfarin misseri. Sveitarfélögum ber að skila húsnæðisáætlunum sínum á stafrænu stöðluðu formi þar sem áhersla er á tölulegar upplýsingar. Með stöðluðu formi verða húsnæðisáætlanir samanburðarhæfar og þar með næst betri yfirsýn og mögulegt að taka saman áætlun fyrir landið í heild sinni, einstaka sveitarfélög eða sameiginleg atvinnusvæði.

Þá greindi Elmar frá verkefninu *Tryggð byggð* sem er samstarfsvettvangur um húsnæðisuppbýggingu á landsbyggðinni og hófst sem tilraunarverkefni í samstarfi við sjö sveitarfélög 2019. Rýndar voru áskoranir í húsnæðismálum á landsbyggðinni og lagðar fram tillögur að lausnum sem var ætlað að greiða leiðina fyrir byggingu á nýju íbúðarhúsnæði á stöðum þar sem íbúðaskortur hefur staðið í vegi fyrir eðlilegri framþróun byggðar og atvinnulífs á svæðinu. Ýmsum verkfærum er beitt, svo sem stofnframlögum, sérstöku byggðaframlagi vegna almennra íbúða, landsbyggðar-, leiguíbúða- og hlutdeildarlánnum, samstarfi við Leigufélagið Bríeti og samstarfi við húsnæðissjálfsseignastofnunina Brák íbúðafélag hses. sem var stofnuð af sveitarfélögum á landsbyggðinni. Í umræðum kom m.a. fram að HMS og Byggðastofnun, ásamt Samtökum atvinnulífsins og Lóunni – nýsköpunarstyrkir fyrir landsbyggðina, hafa verið í samstarfi með að kynna þessi verkfæri og önnur.

Byggðamálaráð

3. Óstaðbundin störf

Um óstaðbundin störf er kveðið bæði í byggðakafla stjórnarsáttmálans og í byggðaaætlun. Í stjórnarsáttmála frá því í nóvember 2021 segir „að til að styðja við byggðaþróun og valfrelsi í búsetu verði störf hjá ríkinu ekki staðbundin nema eðli starfsins krefjist þess sérstaklega.“ Í þingsályktun um stefnumótandi byggðaaætlun frá júní sl. segir að „sköpuð verði fjölbreytt og verðmæt störf um land allt og stuðlað að sem jafnastri dreifingu starfa. Til að styðja við byggðaþróun og búsetufrelsi verði störf hjá ríkinu ekki staðbundin nema eðli starfsins krefjist þess sérstaklega.“ Í lýsingu á aðgerðinni í byggðaaætlun (B.7) segir m.a. að störf hjá ríkinu verði ekki staðbundin nema eðli starfsins krefjist þess sérstaklega, þannig að búseta hafi ekki áhrif á ráðningar.

Hólmfríður greindi frá því að ríkisstjórnin hafi, þann 31. janúar sl., samþykkt tillögu innviðaráðherra um skipan framkvæmdahóps sem fær það hlutverk að annast framkvæmd aðgerðarinnar. Í hópnum eigi sæti fulltrúar innviðaráðuneytis, forsætisráðuneytis og fjármála- og efnahagsráðuneytis. Hópurinn mun starfa í samráði við mannauðsstjóra ráðuneyta, Byggðastofnun, Fjársýslu ríkisins, Félag forstöðumanna ríkisstofnana og aðra hlutaðeigandi aðila.

4. Ferð byggðamálaráðs til Borgarfjarðar eystri 23.-24. mars

Næsti fundur byggðamálaráðs skv. starfsáætlun verður haldinn á Borgarfirði eystra 24. mars nk. Fundurinn verður haldinn í samstarfi við stjórn Byggðastofnunar og verkefnisstjórn Betri Borgarfjarðar. Hólmfríður og Arnar kynntu drög að dagskrá og verður endanleg dagskrá send út þegar hún liggur fyrir.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14.15.